



**Viðskiptaráðuneytið
b/t Kjartans Gunnarssonar
Skrifstofustjóra viðskiptamála
Arnarhvoli
150 Reykjavík**

Reykjavík, 6. júní 2007.

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl. (9. mál), frumvarp til laga um verðbréfavíðskipti (7. mál) og frumvarp til laga um kauphallir (8. mál).

Viðskiptaráð þakkar ráðuneytinu fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreind frumvörp sem ætlað er að innleiða tilskipanir Evrópuþingsins og Ráðsins nr. 2004/39/EB (MiFID) og nr. 2004/109/EB (gagnsæistilskipunin).

MiFID tilskipunin er talin hornsteinn áætlunar Evrópusambandsins á sviði fjármálamarkaða og er henni ætlað að leika lykilhlutverk í stofnsetningu sameiginlegs regluverks fyrir evrópskan fjármálamarkað. Markmið tilskipunarinnar er að fjarlægja hindranir, efla samkeppni, jafna samkeppnisskilyrði og tryggja vernd fjárfesta um gjörvalt Evrópska efnahagssvæðið.

Vegna mikilvægs hlutverks tilskipunarinnar hafa forsvarsmenn stofnanna Evrópusambandsins sem og forsvarsmenn fjármálafyrirtækja um allan heim lagt mikla áherslu á að aðildarríki ljúki innleiðingu hennar sem allra fyrst. Dragist innleiðing fram yfir 1. nóvember næstkomandi er hætta á því að dregið verði úr virkni MiFID „vegabréfsins“ með tilheyrandi neikvæðum afleiðingum á möguleika fjármálafyrirtækja að bjóða upp á þjónustu sína í öðrum aðildarríkjum. Er það því fagnarðarefni að frumvörp þessi fái meðferð á yfirstandandi sumarþingi.

Þrátt fyrir framangreint verður að leggja höfuðáherslu á að innleiðing af þessu tagi beri með sér þá samræmingu sem stefnt er að. Mikið hefur borið á þeirri umræðu að einstök aðildarríki ætli sér að gera auknar kröfur til fjármálafyrirtækja en leiðir af tilskipuninni, svo nefnt „gold-plating“. MiFID tilskipunin felur ekki í sér lágmarkssamræmingu þar sem aðildarríkjum er heimilt að gera auknar kröfur heldur er þeim það einungis heimilt kveði tilskipunin svo á um beinum orðum. „Gold-plating“ kemur í veg fyrir stofnun sameiginlegs regluverks sem mun leiða til þess að fjármálafyrirtæki þurfa við inngöngu á nýja markaði að breyta vörum sínum og hegðan til samræmis við gildandi reglur. Munu markmið tilskipunarinnar, þ.e. að fjarlægja hindranir og efla samkeppni, því verða að engu.

Vegna mikilvægis tilskipunarinnar fyrir íslenskan fjármálamarkað leggur Ráðið áherslu á að afgreiðslu umræddra frumvarpa verði lokið á yfirstandandi sumarþingi. Að sama skapi leggur Viðskiptaráð áherslu á að innleiðing frumvarpanna beri með sér þá samræmingu sem stefnt er að, þ.e. að ekki skapist sér íslensk ákvæði sem hafa neikvæð áhrif á samkeppnishæfni íslenskra fjármálafyrirtækja. Hvað þetta varðar má benda á 86. gr. frumvarps til verðbréfavíðskiptalaga um tilkynningarfrést flöggunarskylds aðila. Er þar gert ráð fyrir styttri tilkynningartíma heldur en tilskipunin kveður á um. Ákvæði af þessu tagi ber að forðast.

Ljóst er að umfang tilskipunarinnar er töluvert og fyrirfram gefið að reynsla markaðsaðila af ákvæðum hennar mun leiða í ljós þörf á tilteknum breytingum. Eins og kemur fram í frumvörpunum er tilskipunin 1. stigs tilskipun þar sem gert er ráð fyrir frekari tæknilegum reglum af hálfu Framkvæmdastjórnarinnar. Leggur Ráðið áherslu á að slíkar reglur sem og síðari athugasemdir markaðsaðila og hagsmunasamtaka komi fljótt til innleiðingar hér á landi.

Víðtæk ákvæði um heimildir ráðherra til setningu reglugerða í frumvörpunum kalla á náið samstarf við markaðsaðila, hagsmunasamtök og Fjármálaeftirlitið (FME). Leggur Ráðið áherslu á að reglugerðir þessar verði samdar og samþykktar við fyrsta tækifæri. Að mati Ráðsins ættu hagsmunasamtök frekar en ráðherra að kveða nánar á um framkvæmd tiltekinna ákvæða. Hvað það varðar telur Ráðið æskilegt að hagsmunasamtök fjármálafyrirtækja taki að sér að samræma t.a.m. flokkun viðskiptavina, upplýsingar til viðskiptavina og skriflega samninga við viðskiptavini. Brýnt er að stjórnvöld tryggi að lög standi ekki í vegi fyrir slíku samstarfi.

Við innleiðingu tæknilegra tilskipana af þessu tagi hefur borið á umræðu þess efnis að FME verði heimilt að miða við og beita ensku útgáfu tilskipananna. Ráðið telur fyrirkomulag af þessu tagi ákjósanlegt með vísan til umfangs og tæknilegs inntaks MiFID. Myndi slíkt koma í veg fyrir að ósamræmi skapist í íslensku og ensku útgáfu tilskipunarinnar. Slíkt fyrirkomulag verður þó að standast réttarríkishugmyndir, svo sem 27. gr. stjórnarskrárinnar.

Ráðið gerir nokkrar athugasemdir við fyrirliggjandi frumvörp. Fyrir það fyrsta er gerð almenn athugasemd við viðurlagakafla frumvarpanna, þ.e. þyngingu refsinga, hækkun stjórnvaldssekta og heimildir FME til að leggja slíkar sektir á allt að 7 árum eftir að háttsemi lýkur. Í greinargerð með frumvarpi til laga um verðbréfiðskipti er kveðið á um að hækkun stjórnvaldssekta sé eðlileg í ljósi aukinna heimilda FME til að beita þeim og góðrar reynslu á beitingu stjórnvaldssekta. Enn fremur er kveðið á um að framangreindur fyrningafrestur sé eðlilegur vegna alvarleika brota gegn lögum um verðbréfiðskipti. Samkvæmt frumvarpinu er eðlilegt að miða við 7 ára fyrningartíma þar sem refsingar hafa verið þyngdar upp í allt að 6 ára fangelsi. Þess ber hins vegar að geta að brot gegn langflestum ákvæðum laganna varða 2ja ára fangelsi. Er þannig miðað við 5 ára fyrningarfrest í frumvarpi til laga um kauphallir en þar getur brot gegn ákvæðum laganna varðað allt að 2ja ára fangelsi. Gætir hér ákveðins ósamræmis milli frumvarpanna.

Ráðið hefur alla tíð lagt áherslu á að harðari refsingar séu ekki lagðar á með lögum nema að vel yfirlögðu ráði og að þörf sé sannanlega á því. Ekki verður talið að framangreindar röksemdir sýni fram á slíka þörf. Ekki er útskýrt í greinargerð af hverju brot þau er lögin varðar teljist alvarlegri nú en þegar lögin voru upphaflega sett með núgildandi refsiramma. Ekki eru nefndir neindir dómur þar sem núverandi refsiramma var nýttur til hins ýtrasta. Þrátt fyrir framangreint fagnar Ráðið heimildum FME til að ljúka málum með sátt, ákvæðum um verklag við rannsókn mála og ákvæðum frumvarpanna er fela í sér rétt til handa einstaklingum að fella ekki á sig sök.

Ráðið gerir einnig athugasemdir við orðalag 11. gr. frumvarps til kauphallarlaga þar sem kveðið er á um heimild FME til að hafna nýjum stjórnarmönnum og/eða framkvæmdastjórum. Er orðalagið ekki í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar. Að auki gerir Ráðið athugasemdir við niðurfellingu ákvæðis 2. mgr. 37. gr. núgildandi kauphallarlaga þess efnis að leyfishafa sé veittur kostur á að leysa úr málum áður en starfsleyfi er afturkallað. Samkvæmt greinargerð laganna er framangreint ákvæði felld niður með vísan til 5. mgr. 36. gr. MiFID. Við nánari eftirgrennslan kemur í ljós að um er að ræða heimildarákvæði sem kemur ekki í veg fyrir að framangreint ákvæði fái að halda sér.

Að endingu vill Ráðið ítreka mikilvægi þess að innleiðing eigi sér stað sem allra fyrst. Sú innleiðing má hins vegar ekki leiða til þess að sér íslensk ákvæði verði til sem ekki eiga sér samsvörun í tilskipuninni. Hvetur Ráðið því til að samkeppnishæfni íslensks fjármálamarkaðar verði höfð að leiðarljósi við innleiðingu umræddra frumvarpa sem og síðari breytinga.

Viðskiptaráð leggur því til að frumvörpin nái fram að ganga að því tilskyldu að framangreind ákvæði þeirra verði endurskoðuð.

Virðingarfyllt,



Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs